



Ofbeldi gegn körlum sett upp sem grín

Kennsluleiðbeiningar

Váviðvörðun



Áætlaður tími: Amk. tvær kennslustundir

Váviðvörðun

Upplýsingar um váviðvörðun og frekari ráð, til dæmis valmöguleika fyrir nemendur má finna í [Viku6 pakkanum](#).

Látið nemendur vita að þessi kennslustund og myndband sem verður horft á inniheldur umræðu um og klippur úr sjónvarpsefni sem tengjast ofbeldi gagnvart strákum og körlum. Þó að það sé sett upp sem sé eitthvað sem eigi að vera „fyndið“ þá getur umfjöllun um áreitni og ofbeldi vakið upp ýmsar óþægilegar tilfinningar.

Hvað er gott að hafa ræða:

- **Aðgreining frá raunveruleika:** Minntu nemendur á muninn á efni sem er sýnt í gríni (eins og í myndbandinu) og raunveruleikanum. Markmiðið er að rýna í hvernig fjölmiðlar gera lítið úr kynferðisofbeldi.
- **Samþykki:** Áréttuðu að samþykki er lykilatriði og að eðlileg lífeðlisfræðileg viðbrögð (til dæmis standpína eða bleyta) jafngilda aldrei samþykki, óháð kyni.

Markmið

- ☐ Að efla gagnrýna hugsun unglunga um birtingarmyndir ofbeldis og áreitni.
- ☐ Þekkja og skilja hvernig klisjur (e. tropes) í sjónvarsefni og miðlum geti viðhaldið skaðlegum viðhorfum og mýtum um kynlíf og samþykki.
- ☐ Að skapa vettvang fyrir umræðu um sambönd, kynlíf, kynhlutverk og staðalmyndir í öruggu umhverfi.
- ☐ Efla miðlalæsi á fjölbreyttan máta.

Undirbúningur

Hér eru hlekkir af myndböndum sem hægt væri að nota. Í myndböndin er einnig fræðsla í leiðinni. Mælum með ef tími gefst að spila bæði myndböndin, þá með pásu á milli.

Sexual Assault of Men Played for Laughs:

Part 1 Male Perpetrators (ca. 29 mínútur)

Part 2 Female Perpetrators (ca. 35 mínútur)

Síur borgarinnar geta valdið því að sum myndbönd eru ekki leyfð. Hægt er að fara fram hjá því með því að tengja tölvuna við netið í símanum sínum með „hotspot“.

- ☐ Skimaðu aðeins yfir myndbandið sem þú velur, þarft ekki að horfa á það allt en einungis til að sjá hvernig það er.

Lýsing

- 1 Byrjið á váviðvörðun og þeim möguleikum sem standa nemendum til boða.
- 2 Horfið saman á myndbandið.
- 3 Umræður. Spurningar má finna á næstu síðu.
Hægt er að hafa umræður með öllum bekknum saman og þú spyrð spurninganna eða skipta bekknum í minni hópa og velja einn nemanda til að stýra umræðum. Ef það er gert, prentið þá út spurningarnar fyrir hópana.
Gefið hópum ca. 20-30 mín áður en hóparnir koma svo öll aftur og ræðið spurningarnar saman sem hópur.



- 1 Munið þið eftir öðrum dæmum en úr myndbandinu sem sýna ofbeldi gagnvart strákum/körlum sem eitthvað „skaðlaust“ eða „grín“? En gagnvart konum eða kynsegin fólki?
- 2 Hvaða áhrif hefur það að kynferðislegt ofbeldi sé sett upp sem grín? Ræðið hvaða áhrif það hefur á einstaklinga sem verða fyrir ofbeldi en líka hvaða áhrif það hefur á samfélagið okkar.
- 3 Hvers vegna er ofbeldi sett fram í sjónvarpsefni sem „hefnd“ eða leið til að „kenna lexíu“? Hvaða vanda skapar það?
- 4 Hvað þýðir hugtakið „samþykki“? Ræðið hvers vegna eðlileg lífeðlisfræðileg viðbrögð (eins og reisn) jafngilda ekki samþykki
- 5 Kynferðisofbeldi snýst um vald.
Hvaða valdaójafnvægi (e. power dynamics) sjást oft í þeim dæmum sem sýnd eru (t.d. yfirmaður/starfsmaður, kennari/nemandi)?
Hvernig getur valdaójafnvægi haft áhrif á hvort eða hvernig við fáum samþykki eða setjum mörk?
- 6 Myndbandið sýnir að samfélagið okkar gerir lítið úr kynferðisofbeldi gegn öllum, óháð kyni. Hvernig getum við sjálf og sem samfélag tryggt að ofbeldi sé tekið alvarlega, óháð kyni þolanda eða geranda?
- 7 Af hverju haldið þið að brandarar um kynferðisofbeldi gagnvart körlum, til dæmis í fangelsum, séu notaðir til þess að niðurlægja eða gera lítið úr karlkyns persónum sem sýna að þeir eru ekki „nógu harðir“?
Hvaða áhrif hefur það á stráka/karla?
- 8 Hvaða skilaboð sendir það karlkyns þolendum ofbeldis ef skilaboðin í sjónvarpsefninu eru á þann hátt að aðrar karlkyns persónur öfunda þolandann, ef gerandinn er „aðlaðandi“ eða eftirsóknarverður? T.d. „aðlaðandi“ kennari sem beitir ungling ofbeldi?
Hvernig viðheldur þetta mýtunni um að karlmenn séu alltaf til í kynlíf?